

# Ívilnanir, samkeppnisraskanir og pólitísk samstaða

VALA VALTYSS-  
DÓTTIRHARALDUR I.  
BIRGISSON

Um þessar mundir rýnir atvinnuveganefnd Alþingis í frumvarp um ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Frumvarpið hefur fengið töluverða umfjöllun síðustu vikur og svo virðist sem sitt sýnist hverjum um ágæti þess. Á slíkum tímum er ágætt að staldra við og meta málin heildstætt út frá hagsmunum Íslands og varast að hörfa ofan í hefðbundnar pólitískar skotgæfir.

Frumvarpið felur í sér ramma-löggjöf á sviði ívilnana í tengslum við nýfjárfestingar hérlendis. Er frumvarpið þannig framhald eldri laga um sama efni sem tóku gildi árið 2010 en féllu úr gildi í lok árs 2013. Þá þeim tíma hefur ákveðið tómarúm verið í þessum málaflokki sem hefur valdið töluverðri óvissu m.v. samskipti Deloitte við fjölda fjárfesta undanfarin misseri, bæði erlenda og innlenda.

## Höfum fylgt for- dæmi annarra landa

Er því við hæfi að skoða stöðu Íslands með hlidsjón af nálgun annarra ríkja hvað varðar skattalegar ívilnanir. Í greinargerð með eldri lögum á þessu sviði var fjallað stuttlega um fyrirkomulag níu landa Tékklands, Svíþjóðar, Finnlands, Írlands, Skotlands, Grikklands, Slóvakíu, Króatíu og Kanada. Þá þarf ekki að leita lengi til að finna margvísleg skattaleg hvatakerfi tengd fjárfestingum í öðrum löndum s.s. í Þýskalandi, Lítháen og Hollandi.

Hvatakerfi þessara landa eru eins misjöfn og þau eru mörg. Má þar nefna allt frá smávægilegum skattaafsláttum til verulegs fjárstuðnings, þó með tilteknum fyrirvörum og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í öllu falli bera þessi kerfi með sér til-  
tölulega skýra stefnu sem frumvarpshöfundar eldri laganna máta réttilega sem merki um handrændi samkeppni milli landa um fjárfestingu.

Lögin fólu þannig í sér þau skilaboð að Ísland ætlaði sér að taka virkan þátt í þeirri samkeppni. Svipað er uppá teningnum með lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, sem tóku gildi í upphafi árs 2010 og eru í takt við fyrirkomulag fjölmargra ríkja.

## Viðtæk sátt var um útspil Íslands

Þá er jafnframt við hæfi að rifja upp að eldri lögin fengu viðtækan stuðning á vettvangi Alþingis. Við meðferð málsins skilaoði atvinnuveganefnd einu álitu, í stað sitthvorts álits meirihluta og minnihluta. Í umræðum á Alþingi var frumvarpinu jafnframt lýst sem framfararmáli. Þá var frumvarpið samþykkt af öllum 50 alþingismönnum sem viðstaddir voru atkvæðagreiðsluna, úr öllum flokkum og öllum kjördæmum.

Því vekur furðu hversu illa hefur gengið að fá nýja frumvarpið samþykkt. Má þar nefna að frumvarpið var lagt fram á vörþingi síðasta árs, en náði ekki fram að ganga. Þá liðu fimm mánuðir frá því frumvarpið var aftur lagt fram síðastliðið haust þar til nefndarálit atvinnuveganefndar lá fyrir. Þó er ekki unnt að greina pólitískan ágreining um tilvist hvatakerfis af þessu tagi enda skilðu allir flokkar í atvinnuveganefnd sameiginlegu nefndarálit núna í febrúar þar sem lagt var til að frumvarpið yrði samþykkt. Vildu einstaka nefndarmenn jafnvel auka á umfang ívilnana.

Þá sýna umræður á Alþingi að viðamikill stuðningur er við nýja frumvarpið. Er það í takt við umsagnir ýmissa hagsmuna-

aðila um frumvarpið, s.s. Samtaka atvinnulífisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka iðnaðarins, Íslandsstofu og Seðlabankans.

## Koma þarf í veg fyrir samkeppnisröskun

Á meðan frumvarpið er ekki afgreitt þá viðheldur hins vegar það ástand sem eldri lögum var ætlað að færa til betri vegar, þ.e. að veiting ívilnana sé með ómarkvissum og takmörkuðum hætti í formi sértækra fjárfestingarsamninga vegna einstakra framkvæmda sem lagðir eru fyrir Alþingi að afgreiða. Um þetta var fjallað í áðurnefndu frumvarpi og samhlíða því sem kostir nýrrar löggjafar um almennan ramma, aukid gagnsæ og einföldun ferla voru tiundaðir.

Markmiðið var og er enn að auka samkeppnishæfni Íslands og lökka fyrir fjölbreyttri og jákvæðri nýfjárfestingu. Um það markmið ættu allir að vera sammála um en það má þó ekki vera á kostnað heildarinnar, s.s. að veiting ívilnana raski virkri samkeppni á mörkuðum. Því er rétt af atvinnuveganefnd Alþingis að skoða þennan þátt sérstaklega við afgreiðslu nýja frumvarpsins, eins og Fjórðungssamband Vestfirðinga lagði til í sinni umsögn.

## Látum ekki umbætur sitja á hakanum

Þótt tiltekinn fjárfestingarsamningur hafi vakið upp umræðu um samspil ívilnana og samkeppnisraskanana þá er ljóst að atvinnuvegaráðherra fylgdi í þeirri samningagerð ramma nýja frumvarpsins, sem fengið hefur viðtækan stuðning á Alþingi og við þar. Því er mikilvægt að umræða um þann samning teji ekki innleiðingu almennra umbóta og að sá stutti tími sem er til þingloka verði nýttur til að lagfæra frumvarpið.

Eins og nefnt var í umsögn Seðlabankans þá gerir tilvist löggjafar af þessu tagi Ísland samkeppnishæfara við að laða að erlenda fjárfestingu og er að auki þýðingarmikil yfirlýsing um að nýfjárfestingar séu litnar jákvæðum augum, einnig við núverandi aðstæður fjármagnshæfta. Þýðingu frumvarpsins þarf vart að lýsa í fleiri orðum. Því er brýnt að atvinnuveganefnd viðhaldi samstöðu síðustu ára og hafi hraðar hendur við að ljúka málinu þannig að það verði afgreitt á yfirstandandi þingi – til hagsbóta fyrir fjárfestingarumhverfið, atvinnulífið og byggðalög landsins.

Vala er sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte og Haraldur er lögfræðingur á Skatta- og lögfræðisviðinu.